

7. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir aukabing 1933).

1. gr.

Fyrir 12., 13. og 14. lið i 1. gr. laganna komi:

12. Af öllum tegundum af: Suðusúkkulade og iðnaðarsúkkulade 75 aura af hverju kg.
13. Af kakaodufti, kakaobaunum muldum og ómuldum og kakaodeigi 50 aura af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af: Brjóstsykri, konfekti, átsúkkulade og sykrudum ávöxtum kr. 2,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun i framangreinda þrjá tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af vörum þeim, sem taldar eru i 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 30. október voru gefin út bráðabirgðalög, samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar 18. maí 1920, nákvæmlega samhljóða frumvarpi þessu. Ástæða til útgáfu þessara bráðabirgðalaga var ágreiningur um tollflokkan á svonefndum kaka-„massa“, og taldi fjármálaráðuneytið ekki rétt, að ríkissjóður missti tolltekjur af vöru þessari, þar til er lög væru samþykkt um þetta efni.

Frumvarp þetta er ekki nein breyting á tolli, eins og hann hefir verið tekinn af vörum þessum hingað til.